

HLÍÐARSKÓLI

þar sem við tökum flugið

LANGTÍMAÁÆTLUN

INNRA MAT Í HLÍÐARSKÓLA 2020 – 2024

Matsáætlun

ÁRSÁÆTLUN INNRA MATS 2021-2022

Innra mat Hlíðarskóla

Um innra mat í skólum segir m.a. í grunnskólalögum "Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- Auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum, efla fagmennsku, starfs- og skólaþróun ásamt því að styrkja skólann sem lærdómssamfélag.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð eiga að vera við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi.

Viðfangsefni innra mats er í samræmi við stefnu og markmið skólans og menntastefnu Akureyrarbæjar varðandi stjórnun og faglega forystu, nám og kennslu, innra mat og sérstaka viðburði skv. skóladagatali innan skólans og miða að skóla sem lærdómssamfélagi. Matsþættirnir eru metnir samkvæmt áætlun til fjögurra ára þar sem mikilvægir þættir eru metnir árlega en aðrir þættir annað hvert ár eða sjaldnar. Við mat á hverjum áhersluþætti fyrir sig er stuðst við gátlista gæðaviðmiða samkvæmt menntastefnu Akureyrarbæjar og Menntamálastofnunar sem má skoða í tenglum í langtímaáætlun hér að neðan "gæðaviðmið".

Í þessu skjali er langtímaáætlun innra mats til fjögurra ára ásamt áætlun skólaársins sem er uppfærð og endurskoðuð í ágúst ár hvert. Þar kemur fram hvað og hvenær á að meta þætti, hvert er viðmiðið og með hvaða hætti og hverjir taka þátt í matinu. Einnig kemur fram hver á að sjá um matið. Samantekt mats hvers skólaárs er tekið saman í innra matsskýrslu með umbótaáætlun, taldir eru fram styrkleikar þ.e. hvernig gekk að ná markmiðum og hvað má helst bæta. Áætlanir innra mats, innra matsskýrsla og umbótaáætlun eru teknar fyrir í skólaráði, á starfsmannafundum og í fræðsluráði. Áætlanir og skýrslur eru birtar á heimasíðu skólans.

LANGTÍMAÁÆTLUN INNRA MATS 2020-2024

Viðfangsefni	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Stjórnun og fagleg forysta-gæðaviðmið				
Samvirkni í stefnumótun			x	
Faglegt samstarf og samræða	x	x	x	x
Tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu	x	x	x	x
Umbætur og innleiðing breytinga			x	
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	x		x	
Starfsmannastjórnun og verkaskipting		x	x	
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna			x	

<i>Nám og kennsla-gæðaviðmið</i>				
Inntak og námskrá		x		x
Árangur náms	x	x	x	x
Gæði kennslu	x	x	x	x
Skipulag náms		x		
Námsvitund		x		
Ábyrgð og þátttaka		x		
<i>Innra mat-gæðaviðmið</i>				
Skipulag	x	x	x	x
Framkvæmd	x	x	x	x
Umbætur	x			x
<i>Sérstakar áherslur skólans</i>				
SMT agastefna				
Teymiskennsla		x		
Sérstakir uppbrotsdagar/viðburðir skv. skóladagatali				
Heilsueflandi grunnskóli				

ÁRSÁÆTLUN INNRA MATS 2021-2022

Matspáttur	Hvað á að meta?	Matstæki-aðferð	Ábyrgð	Þátttakendur	Viðmið - hvenær erum við ánægð?	Hvenær á að meta? Birting
Stjórnun og fagleg forysta						
Samvirkni í stefnumótun						
Faglegt samstarf og samræða	Samstarf og fagmennsku	Kaffihúsafundur	Matsteymi Skólastjóri	Starfsfólk	Markmið að 100% ánægja	Apríl
Tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu	Viðhorf foreldra til skólastarfsins Upplýsingaflæði	Foreldrakönnun skólapúlsinn	Matsteymi skólastjóri	Foreldrar	Markmið að 100% ánægja	febrúar 2022 samantekt í innra matsskýrslu júní 2022
Umbætur og innleiðing breytinga						
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir						
Starfsmannastjórnun og verkaskipting	Líðan og viðhorf starfsmanna	Starfsmanna-könnun Kaffihúsafundur	Matsteymi	Starfsfólk	Markmið: 100% ánægja	apríl 2022, annaðhvert ár
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna						

Matspáttur	Hvað á að meta?	Matstæki-aðferð	Ábyrgð	Þátttakendur	Viðmið - hvenær erum við ánægð?	Hvenær á að meta? Birting
Nám og kennsla						
Inntak og námskrá	Könnun Rýna í fyrirbyggjandi gögn skólanámskrá	Könnun Rýna í fyrirbyggjandi gögn skólanámskrá	Matsteymi	Starfsfólk	Yfir 90% gagna í lagi í maí	Skoðað yfir árið og birt í innra mats skýrslu júní 2022.
Árangur náms	Hvernig nemendum og kennurum gengur að ná settum markmiðum Lesfimi Lesskilningur	Kannanir Nemendasamtöl Starfsmannasamtöl	Matsteymi	Nemendur Kennarar	100% nemenda séu að taka framförum í námi og ná markmiðum sínum.	Yfir allt skólaárið og tekið saman í skýrslu júní 2022.
Gæði kennslu	Kennsluhætti	Stafsmannasamtöll Sjálfsmatslistar Jafningjamat Stjórnendamat á kennslu Rýnihópar kennara um nám og kennslu	Matsteymi	Kennarar Stjórnendur	Yfir 90% í maí Fá hugmyndir frá nemendum um gæði kennslu. Hvernig finnst þeim best að láta kenna sér.	Nóvember “21 og aftur í maí “22.
Skipulag náms	Hvort kennarar vinna saman og nýta teymiskennslu til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.	Rýni á kennarafundum Gátlisti gæðaviðmiða um nám og kennslu	Matsteymi	Kennarar Nemendur	Teymiskennsla er viðhöfð þar sem teymi kennara ber sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu nemendahóps.	Nóv og maí Niðurstöður birtar í skýrslu í júní “22
Námsvitund	Styrkleika nemenda	Nemendakönnun Námsmat - lykilhæfni	Matsteymi	Kennarar Nemendur	Að gefa nemendum rödd og að þeir geti haft jákvæð áhrif á	Nóv og maí. Niðurstöður birtar í skýrslu í júní “22

					skólasamfélagið	
Ábyrgð og þátttaka	Ánægju og líðan nemenda	Nemendakönnun Nemendaviðtöl Tengslakannanir Kaffihúsafundur Gátlisti gæðaviðmiða um nám og kennslu	Matsteymi	Nemendur	90% nemenda ánægðir eða mjög ánægðir. Líðan teljist góð. Annars umbætur.	nóvember og apríl samantekt niðurstaðna í innra matsskýrslu júní 2022
Matsþáttur	Hvað á að meta?	Matstæki-aðferð	Ábyrgð	Þátttakendur	Viðmið - hvenær erum við ánægð?	Hvenær á að meta? Birting
Innra mat						
Skipulag	Áætlanir um innra mat	Yfirfara með gátlista	Matsteymi	Matsteymi	Til sé virk langtíma- og ársáætlun	Metið í lok skólaárs Samantekt í innra matsskýrslu
Framkvæmd	Matstækin	Ræða um matstæki sem notuð eru og hvort þau henti eða leita þurfi nýrra	Matsteymi	Allt skólasamfélagið	Unnið sé samkvæmt áætlunum	Metið í lok skólaárs Samantekt í innra matsskýrslu
Umbætur						Umbótaáætlun í innra matsskýrslu vor 2022
Matsþáttur	Hvað á að meta?	Matstæki-aðferð	Ábyrgð	Þátttakendur	Viðmið - hvenær erum við ánægð?	Hvenær á að meta? Birting
Sérstakar áherslur skólans						
SMT agastefna						
Teymiskennsla	Vinnu og	Kynningar og	Teymi árganga	Teymi árganga	Þegar teymi vinna að	Samantekt í innra

	fyrirkomulag teyma	skýrsla teyma			og ná markmiðum þeirra verkefna sem þau sinna	matsskýrslu
Sérstakir uppbrotisdagar/viðburðir skv. skóladagatali	Dagskrá og markmið sett af kennurum/nemendum og þau yfirfarin eftir uppbrotisdaga og viðburði.	Nemendakönnun Nemenda viðtöl Skólapúlsinn fyrir foreldra.	Matsteymi	Starfsfólk Hlíðarskóla, nemendur, foreldrar og forráðamenn og einstaka sinnum gestir á viðburðum.	Þegar uppbrotisdagar og viðburðir eru vel skipulagðir og ganga vel. Þegar nemendur og foreldrar (þegar það á við) eru virkir þátttakendur.	Samantekt í innra matsskýrslu
Heilsueflandi grunnskóli	Hvort skólinn sé að stuðla að heilsueflandi umhverfi fyrir nemendur sína.	Nemenda könnun Listar frá landækni: lífsleikni og hreyfing	Matsteymi	Nemendur	Að 90% nemenda líði vel í skólanum. Að skólinn stuðli að hreyfingu í leik og starfi.	Könnun í nóv og maí Samantekt í innra matsskýrslu

Unnið af innra matsteymi haust 2021

Næsta endurskoðun haust 2022